


Skóflustunga að 4. áfanga HA og opnun RES Orkuskóla

Laugardaginn 9. febrúar tók Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) fyrstu skóflustunguna að 4. áfanga nýbygginga [Háskólans á Akureyri](#). Við Háskólann á Akureyri stunda nú á annað þúsund nemendur nám og kennt er á fjórum stöðum í bænum við mikil þrengsl. Nýja byggingin, sem áætlað er að verði lokið árið 2010, mun því leysa úr brýnni þörf og er liður í áætlunum stjórnvalda og Háskólans á Akureyri um að koma allri starfsemi skólans fyrir á háskóla-svæðinu við Sólborg. Ráðherra sagðist m.a. í ávarpi sínu vonast til að hin nýja bygging myndi efla Háskólann á Akureyri enn frekar á sviði kennslu og rannsókna.

Kennarar, nemendur og aðrir gestir mynduðu útlínur hins nýja húss meðan menntamálaráðherra tók fyrstu skóflustunguna við hlið Þorsteins Gunnarssonar rektors og Reynis Alberts Þórólfsssonar formanns félags stúdenta.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra opnaði [RES Orkuskóla](#), The School for Renewable Energy Science á Akureyri 9. febrúar sl. RES Orkuskóli er einkarekin mennta- og vísindastofnun sem býður upp á nám á meistarastigi í vistvænni orkunýtingu, auk leiðtögaskóla og sumarnámskeiða með áherslu á endurnýjanlega orkugjafa. Skólinn er starfræktur í samstarfi við Háskólann á Akureyri og [Háskóla Íslands](#) sem bera faglega ábyrgð á náminu og munu koma til með að útskrifa nemendurna.

Í ávarpi sínu vísaði ráðherra m.a. í stefnuskipti [Vísinda- og tækniráðs](#) sem samþykkt var 18. desember 2007 þar sem segir m.a. að nýsköpun og öflugt vísindastarf muni á nýrri öld skipta sköpum í samvinnu og samvinnu þjóða. Þar er einnig bent á mikilvægi samvinnu og samstarfs háskóla, fyrirtækja, rannsóknastofnana og opinberra aðila sem geti fléttast saman og skilað þjóðinni enn meiri ávinningi. RES sé einmitt stofnaður á þeim grunni. RES Orkuskólinn muni án efa koma til með að verða lyftistöng fyrir rannsóknir á sviði orkurannsókna og endurnýjanlegra orkugjafa, en ekki síður verða lyftistöng fyrir Háskólann á Akureyri svo og bæjarfélagið allt.

Kennsla við RES hófst í vikunni og munu um 30 nemendur frá 10 löndum stunda nám við skólann í vetur. Kennarar skólans koma frá Háskólanum á Akureyri, Háskóla Íslands auk sérfræðinga frá fyrirtækjum á sviði orkurannsókna. Einnig er öflugt samstarf við erlenda háskóla og stofnanir og mun stór hluti kennara RES koma frá þeim skólum.

Styrkir úr Íþróttasjóði 2008

[Menntamálaráðherra](#) hefur samþykkt tillögur íþróttanefndar um styrkveitingar samtals að upphæð kr. 20.354.000 til 90 verkefna. Alls bárust 158 umsóknir um styrki úr [Íþróttasjóði](#) að upphæð 177 millj. kr. vegna ársins 2008. Íþróttasjóður veitir framlög til eftirfarandi verkefna á sviði íþróttar:

- Sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana.
- Útbreiðslu- og fræðsluverkefna.
- Íþróttarannsóknir.
- Verkefna samkvæmt 13. gr. íþróttalaga.

Veittir voru 46 styrkir til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar samtals kr. 9.354.000. Styrkir til útbreiðslu- og fræðsluverkefna námu kr. 7.350.000 til 39 verkefna. Loks voru veittir sex styrkir til íþróttarannsóknir að upphæð 3.650.000. Hæsta styrkinn hlaut [Kennara-háskóli Íslands](#), 1,3 millj. kr. til rannsókna á lífsstíl 7-9 ára grunnskólabarna.

Þróunarsjóður leikskóla og grunnskóla

Nýlega auglýsti [menntamálaráðuneyti](#) eftir umsóknum í [Þróunarsjóð leikskóla](#) og [grunnskóla](#) fyrir árið 2008. Tilgangur sjóðanna er að stuðla að þróunar- og nýbreytniverkefnum á þessum skólastigum með hliðsjón m.a. af [Aðalnámskrá leikskóla](#) og [grunnskóla](#).

Í ár leggur [Þróunarsjóður leikskóla](#) áherslu á verkefni sem fela í sér skráningu á námsferli leikskólabarna og á verkefni sem hafa það að markmiði að stuðla að skapandi starfi sem byggir á sköpunargleði og hugmyndaflugi leikskólabarna.

Í [Þróunarsjóði grunnskóla](#) er í ár lögð áhersla á verkefni þar sem skólar leggja fram áætlun um þróun fjölbreyttra kennsluhátta á ákveðnum sviðum eða aldursstigum. Einnig er veittur forgangur til verkefna þar sem beitt er ýmis konar aðferðum við að örva skapandi hugsun

nemenda með samstarf, jafnrétti og lýðræði að leiðarljósi og verkefna sem nýtast mega skólum og íslensku samfélagi til að styrkja menntun til sjálfbærrar þróunar. Heimilt er að sækja um styrki til hvers kyns þróunarverkefna í báðum sjóðum þótt áðurgreind svið njóti forgangs öllu jöfnu.

Umsóknarfrestur er til mánudagsins 3. mars 2008. Nánari upplýsingar á vef [Símenntunar Rannsóknaráðgjafar SRR](#) og á vef [menntamálaráðuneytis](#).

Hvernig getum við stuðlað að betri heimabyggð okkar?

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) flutti ávarp og afhenti grunnskólanemendum verðlaun í ritgerðasamkeppni Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni við hátíðlega athöfn í [Norræna húsinu](#) 11. febrúar sl. Markmið verkefnisins Heimabyggðin mín er að örva áhuga og framtak unga fólksins til að láta sig eigin málefni skipta, koma þeim á framfæri á hófsamlegan hátt og fylgja málum eftir. Verkefnið varðar unglinga, 13-17 ára, heimabyggð þeirra og lýðræði í starfi og miðar að því að unglingarnir gaumgæfi málefni byggðar sinnar, velti fyrir sér framtíðarmöguleikum hennar og geri sér grein fyrir hvað þeir geti lagt af mörkum í því efni.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra með verðlaunahöfum úr ritgerðasamkeppni Landsbyggðarvina Ráðherra sagði við það tækifæri að hún væri hjartanlega sammála þessum áherslum og

teldi menntun vera lykilatriði í þeirri viðleitni að efla byggð um land allt, allt frá leikskóla-menntun til símenntunar. Hún sagði að aðkoma [menntamálaráðuneytis](#) að myndun starfa innan byggðaaætlunar fælist í eflingu nærþjónustu á sviði framhaldsskóla og menningarmála svo og eflingu háskóla- og þekkingarsetra á landsbyggðinni. Mörg störf sem myndast á landsbyggðinni væru háð styrkjum til ýmissa verkefna sem tengjast þekkingarsetrum og menningartengdum verkefnum.

Nýr menningarsjóður Póllands og EES/EFTA-ríkjanna

Í síðustu viku var hleypt formlega af stokkunum nýjum menningarsjóði sem ætlað er að auka samskipti milli Póllands og [EES/EFTA](#)-ríkjanna Íslands, Liechtenstein og Noregs. Sjóðurinn mun starfa árin 2008 til 2010 og hafa til ráðstöfunar um 400 millj. kr. sem deilast á starfstímann.

Í reglum sjóðsins er gert ráð fyrir að nær öll verkefni á sviði lista og menningar séu styrkhæf nema þau sem fela í sér fjárfestingar. Aðeins pólskir aðilar geta sótt um styrki en þeir verða að hafa a.m.k. einn samstarfsaðila frá EES/EFTA-ríkjum í hverju verkefni. Styrkirinn nema frá 900 þús. kr. (10 þús. evrum) til 22,5 millj. kr. (250 þús. evrum) og er heimilt að veita styrki fyrir allt að 90% af heildarkostnaði við verkefni.

Nýi menningarsjóðurinn er hluti af framlagi þróunarsjóðs EES og norska þróunarsjóðsins til Póllands skv. sérstökum samningi sem gerður var milli Evrópusambandsins og EES/EFTA-ríkjanna í tengslum við stækkun sambandsins árið 2004. Nánari upplýsingar eru á vef [Þróunarsjóðs EES](#). Upplýsingar á pólsku er að finna á: www.fwk.mkidn.gov.pl

